

Íslenskur iðnaður

FRÉTTABRÉF

06. tbl. • Júní 2003

Prentiðnaðurinn á Íslandi


Íslensk prentfyrirtæki vel samkeppnisfær í samanburði við önnur fyrirtæki í Evrópu

Á síðasta ári var fyrirtækjum í prentiðnaði boðið að taka þátt í sérstakri úttekt á sviði hagnýtra viðmiða sem kallast Microscope. Hér er um að ræða aðferðafræði sem gerir fyrirtækjum kleift að bera sig á fljótlegan og áhrifaríkan hátt saman við samskonar fyrirtæki í heiminum.

Microscope auðveldar stjórnendum að bæta rekstur fyrirtækja sinna með því að tileinka sér og taka upp það besta sem þekktist í stjórnun og rekstri annarra fyrirtækja. Það er gert með kerfisbundnum samanburði á frammistöðu fyrirtækja ásamt styrk- og veikleikamælingum á nokkrum mikilvægum þáttum í starfsemi fyrirtækis byggt á greiningu hagnýtra viðmiða með Manufacturing Microscope

framhald bls.4

Prentiðnaðurinn á Íslandi



Umslag ehf. hlaut árlega umhverfisviðurkenningu Reykjavíkurborgar



Prentfyrirtækið Umslag hlaut nýlega Umhverfisviðurkenningu Reykjavíkurborgar fyrir árið 2003 en þetta er í sjöunda sinn sem slík viðurkenning er veitt.

Í umsögn starfshóps vegna verðlaunanna segir m. a. að Umslag ehf. sýni mjög gott fordæmi í umhverfismálum og hafi náð þar verulegum árangri. Það sé öðrum fyrirtækjum í skyldum rekstri fyrirmynd og sé meðvitað um þau umhverfisvandamál sem fylgja rekstrinum og reyni að lágmarka þau.


Athygli vekur að meðal þeirra sjö fyrirtækja, sem nú hafa hlotið viðurkenninguna, eru fjögur prentfyrirtæki en þau eru auk Umslags, Prentsmiðjan Oddi, Árvakur – Útgáfufélag Morgunblaðsins og Hjá Guðjóni Óprentsmiðja. Önnur eru Olíuverslun Íslands, Mjólkursamsalan og Farfuglaheimilið í Reykjavík. Sjá nánar á vefsetri Samtakanna, www.si.is.

Aðhald í opinberum fjármálum til að viðhalda stöðugleika



Undanfarin ár hefur Seðlabanki Íslands rekið mjög aðhaldssama stefnu í peningamálum m.a. vegna skorts á aðhaldi í opinberum fjármálum. Vextir hafa árum saman verið

mun hærri hér en í viðskiptalöndum okkar. Þá eru stóriðjuframkvæmdir á næsta leiti og von á fjárstreymi til landsins. Þessi staða hefur hvatt fjárfesta til að taka stöðu í krónum og leitt til mikillar styrkingar á gengi krónunnar. Seðlabankinn hefur spornað við þessari þróun með kaupum á erlendum gjaldeyri og þar með hægt á gengishækkuninni þótt það sé ekki yfirlýst stefna bankans. Samt er krónan orðin það sterk að innlend fyrirtæki eru ekki samkeppnisfær við útlend og



*) Frávik landsframleiðslunnar frá reiknaðri framleiðslugetu (framleiðslubíll). Opinber fjármál þurfa að draga úr frávikum, ekki auka þau.

farið er að gæta samdráttar í tekjum útflutnings- og samkeppnisgreina. Um leið eykst innflutningur hröðum skrefum og viðskiptahallinn þar með.

Vilji íslensk stjórnvöld ekki skaða útflutnings- og samkeppnisgreinarnar þarf stjórn opinberra fjármála að veita þyngra og vera markvissari í hagstjórninni en að undanförunu. Eins og myndin sýnir hafa opinber fjármál orðið til þess að auka sveiflur í efnahagslífinu. Þensla var greinileg í opinberum fjármálum árin 2000 og 2001 þegar Seðlabankinn barðist við að halda verðbólgu í skefjum með því að hækka vexti yfir 11 prósent. Árin 1994 og 1999 eru dæmi um betri stýringu opinberra fjármála. Tryggja þarf slíka hagstjórn á komandi árum.

Verði aðhald í opinberum fjármálum ekki nægilegt mun Seðlabankinn þurfa að glíma einn við efnahagsstjórnina á framkvæmdatímanum með því að hækka vexti meira en ella. Þá er viðbúið að gengið haldist of hátt og að samdrátturinn verði mikill í greinunum sem afla okkur gjaldeyris og keppa við innflutning. Það yrði óheillaþróun fyrir þjóðarbúið að skaða útflutnings- og samkeppnisgreinarnar sem vinna á móti við-

skiptahalla og uppsöfnun erlendra skulda. Um leið er hætt við að margra ára uppbyggingarstarf fari í súginn ef slík fyrirtæki hætta rekstri eða færa framleiðsluna úr landi.

Opinber fjármál þurfa að sporna við þenslu, m.a. með því að draga úr útgjöldum á framkvæmdatímanum, til að veita Seðlabankanum svigrúm til að halda vöxtum eins lágum og kostur er. Að framkvæmdunum loknum er búist við samdrætti og þá getur hið opinbera aukið útgjöldin að nýju. Íslenska hagkerfið er lítið í alþjóðlegu samkeppnisumhverfi og því mjög mikilvægt að hagstjórnarviðbrögð séu rétt til að viðhalda stöðugleika. Hátt gengi krónunnar og erfið samkeppnisstaða íslenskra fyrirtækja er brýnt vandamál sem bregðast þarf við með markvissari stýringu opinberra fjármála í efnahagsstjórninni. Ef meira jafnvægi næst ekki í efnahagsstjórninni ógnar það stöðugleikanum á komandi árum. Þá er hætt við að erlendar skuldir aukist og að krónan taki aðra kollsteypu í lok framkvæmdanna – ef ekki fyrr.

Þorsteinn Þorgeirsson



Samtök iðnaðarinnar
Federation of Icelandic Industries

ÍSLENSKUR IÐNAÐUR

06. tbl. Júní 2003

ISSN 1022-7741

För í prentsmiðju: 11.06.2003

Prentvinnsla: Prenttækni hf.

Plastpökkun: Iðjuberg

Ljósmyndir: Jóhannes Long

Útgefandi: Samtök iðnaðarinnar

Borgartúni 35, Pósthólf 1450, 121 Reykjavík

Sími: 591 0100, fax: 591 0101

Kennitala 511093-2019

www.si.is, netfang: ritstjorn@si.is

Ábyrgðarmaður: Sveinn Hannesson

Ritstjóri: Haraldur D. Nelson

Efnisstjórn og umbrot: Þóra Ólafsdóttir

Málfarsráðgjafi: Þóra Kristín Jónsdóttir

Fjölmiðlum er frjálst að nota ritað efni úr Íslenskum iðnaði í heild sinni eða að hluta. Fjölmiðlamenn eru vinsamlegast beðnir að geta heimildar í slíkum tilvikum.

Áherslur SI í efnahagsmálum

„Réttar aðgerðir í fjármálum hins opinbera og á vinnumarkaði til að bregðast við þeim þensluvanda, sem við stöndum frammi fyrir, munu auðvelda Seðlabankanum að halda vöxtum eins lágum og frekast er kostur og vinna gegn skaðlegri styrkingu krónunnar,“ segir í ályktun Samtaka iðnaðarins. Samtök iðnaðarins telja mikilvægt að stjórnvöld bregðist rétt við þeim vanda, sem blasir við efnahagslífinu vegna hins háa gengis krónunnar. Raungengi krónunnar er komið langt upp fyrir það stig sem samræmist jafnvægi í erlendum viðskiptum.

Orðið er aðkallandi að taka á vanda fyrirtækja í alþjóðlegri samkeppni enda eru neikvæð áhrif á afkomu og störf þeirra sýnilegri með hverjum degi. Vextir eru mun hærrí en í viðskiptalöndum okkar en það, ásamt væntingum um innstreymi fjármagns vegna stóriðjuframkvæmda, styrkir

gengi krónunnar. Því er áriðandi að þrýstingur á aðhald í peningastjórn sé minnkaður sem mest má vera. Réttar aðgerðir í fjármálum hins opinbera og á vinnumarkaði til að bregðast við þeim þensluvanda, sem við stöndum frammi fyrir, munu auðvelda Seðlabankanum að halda vöxtum eins lágum og frekast er kostur og vinna gegn skaðlegri styrkingu krónunnar.

Fjármálastjórn hins opinbera þarf að leitast við að draga úr heildareftirspurn. Ný ríkisstjórn þarf að beita aðhaldi í opinberum fjármálum með því að nýta allt svigrúm sem mögulegt er í þá veru, t.d. með því að fresta opinberum framkvæmdum sem ekki tengjast stóriðjuframkvæmdum, draga úr vexti samneyslu og fresta skattalækkunum fram yfir þensluskeiðið.

Við aðild að EES samningnum varð Ísland hluti af evrópskum vinnumarkaði. Aukið innstreymi erlends vinnuafis hefur bætt upp smæð íslenska vinnumarkaðarins og sögulega mikla atvinnuþátttöku og þar með dregið úr tilhneigingu til ofpenslu.

Samt er viðbúið að umframeftirspurn myndist á vinnumarkaði vegna stóriðjuframkvæmdanna. Nauðsynlegt er að fyrirbyggja að fyrirtæki skorti starfskrafta með nauðsynlega menntun og þekkingu yfir háannatímamann. Slíkt ástand getur fljótlega hleypt af stað launaskriði, verðbólgu og hækkun vaxta. Til að sporna við þeirri tilhneigingu þurfa stjórnvöld að fjarlægja hindranir og koma í veg fyrir tímatafir vegna komu erlends vinnuafis til landsins, t.d. með því að hafa útgáfu dvalar- og atvinnuleyfa útlendinga á einni hendi eins og tíðkast annars staðar á Norðurlöndum.

Verði ekki gripið til réttra aðgerða af hálfu hins opinbera er útlit fyrir mikinn samdrátt í samkeppnisgreinunum á komandi árum. Slík þróun mun draga úr fjölbreytni efnahagslífsins og gera að engu það mikla uppbyggingarstarf sem unnið hefur verið undanfarin ár og áratugi. Þessar aðgerðir verða að hafa forgang ef koma á í veg fyrir að slík efnahagsmistök eigi sér stað.

Morgunverðarfundur Hátt gengi krónunnar: Hvað er til ráða?

*Samtök iðnaðarins boða til opins fundar
þriðjudaginn 24. júní kl. 8:00 – 9:30 á Grand Hótel
til að ræða um hátt gengi íslensku krónunnar.*

Flestir þjuggust við að mikil umsvif vegna framkvæmda við álver og stóriðjuframkvæmdir yllu tímabundinni þenslu og vanda fyrir útflutnings og samkeppnisgreinar. Hátt gengi krónunnar nú löngu áður en þessar framkvæmdir eru komnar á fulla ferð kemur á óvart. Ljóst er að iðnaðinum og öðrum samkeppnisgreinum er ógnað ef þessi ruðningsáhrif verða ráðandi í efnahagslífinu næstu 4-5 árin.

Á fundinum verður leitast við að svara eftirtöldum spurningum: Hversu mikil neikvæð áhrif getur langvarandi hátt raungengi haft á útflutning, atvinnustig og hagvöxt? Hvað útskýrir hækkun gengisins? Hvað er til ráða í efnahagstjórninni, sbr. vaxtalækkun, gjaldeyriskaup, aðhald í ríkisfjármálum og sértækar aðgerðir á vinnumarkaði, til að hafa áhrif til lækkunar á genginu? Hafa fjárfestar ofmetið áhrif stóriðjuframkvæmda á gengið?

Frummælendur eru Þorsteinn Þorgeirsson, hagfræðingur SI, Bolli Þór Bollason, forstöðumaður Efnahagsskrifstofu Fjármálaráðuneytisins, Már Guðmundsson, aðalhafgræðingur Seðlabanka Íslands og Edda Rós Karlsdóttir, forstöðumaður Greiningardeildar Landsbanka Íslands.

Fundarstjóri er Sveinn Hannesson framkvæmdastjóri SI.

Framhald af forsiðu**Íslensk prentfyrirtæki vel samkeppnisfær**

Á forsiðumyndinni sjáum við meðaltal íslensku prentfyrirtækjanna merkt með rauðu boxi. Myndin sýnir samanburð íslensku fyrirtækjanna við öll framleiðslufyrirtæki í grunninum sem eru merkt með ljósgrænu X merki og svo samanburð við fyrirtæki í sömu atvinnugrein, þ.e. prentiðnaðinum, merkt með gulu boxi.

Meðaltal íslensku prentfyrirtækjanna er 63 í uppbyggingu innviða fyrirtækisins (practice) en 69 í árangri (performance). Meðaltal fyrir grunninn í heild er 62 í uppbyggingu innviða og 65 í árangri og eru það svipaðar tölur fyrir meðaltalið í prentiðnaðinum. Samkvæmt þessu nær meðaltal íslensku prentfyrirtækjanna að vera í flokki efnilegra fyrirtækja og er heldur yfir meðaltali í greininni.

Þátttaka í þessu verkefni var góð. Flest stærstu prentfyrirtækin í landinu fóru í gegnum úttekt, ásamt nokkrum minni fyrirtækjum. Samkvæmt útreikningum Samtaka iðnaðarins má ætla að um 70% af markaðshlutdeild prentiðnaðar, fyrir utan umbúða- og dagblaðaprentun, hafi tekið þátt í úttektinni.

Hún fór fram með þeim hætti að vottaður ráðgjafi heimsótti viðkomandi þátttökufyrirtæki og fór yfir tiltekna spurningar ásamt þverfaglegum hópi starfsmanna þátttökufyrirtækisins.

Það er Samstarfsvettvangur um framleiðniaukandi aðgerðir fyrir íslenskt atvinnulíf sem stendur að þessari rannsókn. Hann skipa Samtök iðnaðarins, Nýsköpunarsjóður, Samtök atvinnulífsins, Iðntæknistofnun og Stjórnvísí, sem er ráðgefi aðili. Impira – nýsköpunarmiðstöð hafði yfirumsjón með rannsókninni og er framkvæmdaaðili vettvangsins.

Einkenni íslensku prentiðnaðar

Gerð var sérstök samanburðargreining á íslenskum prentfyrirtækjum og þar kom skýrt fram á hvaða sviðum tækifæri eru til umbóta og hvar styrkur prentfyrirtækja á Íslandi liggur.

Tækifæri til umbóta má finna í eftirfarandi sviðum:

1. **Starfsmannastefna – fyrirtækjabragur**
Marka þarf sérstaka starfsmannastefnu sem tekur á starfsþróunarmálum. Sú

stefna snýr að eftirfarandi: Starfsmenn fá tækifæri til að taka þátt í ákvörðunum sem snúa að rekstri og starfsemi fyrirtækisins

Að mæla reglulega starfsánægju innan fyrirtækisins.

Að efla starfsmenntun og starfsþjálfun, sem er lykill að endurnýjun þekkingar innan fyrirtækja.

2. **Gæðastýring og framleiðsla**

Skoða þarf þó nokkra þætti sem snúa að gæðastýringu og framleiðslu innan fyrirtækjanna, m.a. framleiðslustefnu, ferlisgetu og innri galla.

3. **Samskipti við viðskiptavin**

Ýmislegt þarf að hafa í huga varðandi myndun tengsla við viðskiptavin. Með markvissri mælingu á ánægju viðskiptavinarins er hægt að greina hvar veikleikar liggja í þjónustu en einnig að fá staðfestingu á styrk. Hvetja þarf starfsmenn til enn meira frumkvæðis í samskiptum við viðskiptavin og reyna að ná fjölbreyttari samskiptum.

Kvartanir viðskiptavina ber að nýta sem tækifæri til umbóta í stað þess að líta á þær sem neikvætt nöldur. Taka þarf upp hugtakið innri viðskiptavinur en það á við um samskipti innan fyrirtækis, milli deilda og einnig samskipti við birgja.

4. **Skilgreina þarf mælanleg markmið fyrir hverja deild og hvern starfsmann**

Starfsmannaviðtöl eru hentugt tæki til að fara yfir og tengja starfsmann beint við rekstrarmarkmið deildarinnar og fyrirtækisins í heild.

Helsti styrkur íslenskra prentfyrirtækja

Ljóst er að meginstyrkur íslenskra prentfyrirtækja liggur í framleiðslu- og vörustýringu.

Vörufæðið er viðskiptavinadregið, þar sem lotustærðir eru hæfilegar og skiptitími í framleiðslu góður.

Fylgst er vel með mælingum og skráningu afkastagetu innan fyrirtækjanna. Einnig er staðsetningu véla haganlega komið fyrir, staðið vel að viðhaldi og umgengni er með ágætum.

Almennt má segja að flest fyrirtæki vinni eftir heildarstefnu.

Þessi úttekt á íslenskum prentfyrirtækjum gefur í raun haldgóðar vísbendingar um

núverandi stöðu prentiðnaðarins á Íslandi. Mikilvægt er að nýta þær upplýsingar í frekari stefnumótun hjá hagsmunaaðilum prentiðnaðarins. Lokið er að greina afmörkuð svið þar sem heppilegast er að vinna að markvissum umbótum. Ekki má þó gleyma mikilvægi þess að draga fram og koma á framfæri þeim fjölmörgu ofangreindu sviðum þar sem íslenski prentiðnaðurinn stendur sig vel og skarar jafnvel fram úr í samanburði við önnur prentfyrirtæki í Evrópu.

Anna Margrét Jóhannesdóttir
Stjórnunaráðgjafi IMG Deloitte
Davíð Lúðvíksson, SI
Haraldur Dean Nelson, SI

Tannsmiðir sameinast í eitt félag

Hinn 15. maí síðastliðinn ákváðu félagar í Sambandi tannsmiðaverkstæða annars vegar og Tannsmiðafélagi Íslands að sameinast í eitt félag innan Samtaka iðnaðarins.

Þann dag voru aðalfundur félaganna haldnir samtímis að Hallveigarstíg 1 og í framhaldi af því að hvort félag um sig samþykkti sameiningu var gengið til stofnfundar nýs félags. Var eftir því tekið að sameining var samþykkt án mótatkvæða í báðum félögum.

Félagar í hinu nýja félagi eru um áttatíu, flestir sjálfstæðir atvinnurekendur eða einyrkjar. Tannsmiðaskólinn er rekinn í húsnæði tannlæknadeildar Háskóla Íslands. Námið tekur fjögur ár en þar af eru 9 mánuðir á vinnustaði.

Á stofnfundinum urðu mestar umræður um hvert skyldi vera heiti hins nýja félags. Nauðsynlegt reyndist að knýja fram úrslit með atkvæðagreiðslu og varð niðurstaðan sú að félagið heitir Tannsmiðafélag Íslands eins og hið eldra af fyrri félögum tveimur. Fyrsti formaður var kjörinn Soffía D. Halldórsdóttir.

Kristrún Heimisdóttir

Ný fyrirtæki í Málmi og FBE

Eftirtalin fyrirtæki hafa gengið í Málmsamtök fyrirtækja í málmi- og skipaðnaði og Félag blikksmiðjueigenda og þar með í Samtök iðnaðarins:

**Vélsmiðjan Altak ehf.,
Funahöfða 7, Reykjavík**

**GT Tækni ehf.,
Grundartanga**

**Vélvík ehf.,
Höfðabakka 1,
Reykjavík**

**Blikkrás ehf.,
Óseyri 16,
Akureyri**

**Vogur, Loftræstiþjónusta ehf.,
Hlíð, Bessastaðahreppi**



Kristján P. Ingimundarson heiðursfélagi FBE

Á aðalfundi Félags blikksmiðjueigenda í vor var samþykkt að gera Kristján P. Ingimundarson, blikksmiðameistara, að heiðursféлага. Í greinargerð með þeirri ákvörðun kemur fram að Kristján hafi starfað að mörgum málefnum fyrir félagið og starfsgreinina. Hann var í stjórn FBE í áraraðir og lagði þar mikla áherslu á

fræðslu- og starfsþjálfunarmál, var í sveinsprófsnefnd og formaður hennar um árabil. Kristján var einnig fulltrúi blikksmiðameistara í stjórnnum heildarsamtaka sem FBE var aðili að. Á meðfylgjandi mynd afhendir Kolviður Helgason, formaður FBE, Kristjáni staðfestingu á kjöri hans sem heiðursféлага.

Harpa Sjöfn veitir 25 málningarstyrki

Harpa Sjöfn veitti nýlega 25 málningarstyrki til ýmissa verkefna eins og til varðveislu gamla húsa með menningarsögulegt gildi, til góðgerðarfélaga, íþrótt- og ungmennafélaga og til viðhalds kirkna og annarra mannvirkja. Þá hafa einstaklingar og hópar, sem vinna að góðum málum á þessu sviði, einnig notið góðs af málningarstyrkjum Hörpu Sjafnar.

Þetta er í sjötta sinn sem fyrirtækið veitir slíka styrki en þeir nema alls tveimur milljónum króna að þessu sinni. Styrkþegar frá upphafi eru orðnir á annað hundrað en styrkfjárhæðin kemur samtals sjö milljónum króna.

Hörpu Sjöfn barst mikill fjöldi umsókna og þar af voru 25 valdar. Þeim, sem ekki reyndist unnt að sinna að þessu sinni, var boðið að kaupa málningu á mjög hagstæðu



verði og hafa margir nýtt sér það. Harpa Sjöfn fylgir þeirri stefnu að selja góðgerðarfélögum, menningarfélögum, íþrótt- og ungmennafélögum og þeim, sem vinna að varðveislu mannvirkja með menningarsögulegt gildi, málningu á afar hagstæðu verði til stuðnings verkefnum þeirra.

Meðal þeirra, sem nú hlutu málningar-

styrk Hörpu Sjafnar, eru: Tækniminjasafn Austurlands, Listasafn Einars Jónssonar, Miklabæjarkirkja, Þverárrétt í Borgarfirði, Hlaðvarpinn, kirkjan í Flatay á Breiðafirði og Listasafn ASÍ vegna Ásmundarsalar.

Þóra Kristín Jónsdóttir

Kassagerðin – sérhæfður umbúðaframleiðandi í 70 ár

Kassagerð Reykjavíkur, elsta umbúða-fyrirtækið á Íslandi, sem var stofnuð 1932, sameinaðist Umbúðamiðstöðinni undir nafni Kassagerðarinnar hinn 1. janúar 2001. Haustið 2002 urðu miklar breytingar á eignarhaldi félagsins og eru núverandi eigendur fyrirtækisins Prentsmiðjan Oddi, sem á meirihluta í fyrirtækinu, Tryggingamiðstöðin hf., Gunnlaugur Ólafsson og Bjarni Lúðvíksson.

„Kassagerðin og umbúðir eru nátengd fyrirbæri í hugum manna hér á landi,“ segir Bjarni Lúðvíksson, forstjóri Kassagerðarinnar. „Við létum gera könnun á því hvaða nafn menn tengdu helst umbúðum og Kassagerðin var það nafn sem oftast var nefnt.“

Við eigendaskiptin var hlutafé í félaginu aukið og bylgjuframleiðslan, sem setið hafði nokkuð á hakanum, var endurnýjuð. Að sögn Bjarna var samkeppnin lengst af meiri í öskjurgerðinni og áhersla lögð á að fjárfesta þar, „en nú var orðin full þörf á að gera bylgjuframleiðslunni til góða. Við erum nánast með nýja framleiðslulínu, allt frá bylgjuvélinni sjálfri til síðustu vélarinnar sem er brot og límingavél fyrir bylgju-kassa. Þessar breytingar snúa aðallega að gæðum framleiðslunnar en auka jafnframt framleiðnina.“

Ört vaxandi notkun Tröllakassa

Auk þess gefst okkur nú tækifæri til að bjóða fjölbreyttari afurðir en áður, t.d. fleiri tegundir af bylgju, s.s. tvöfaldr bylgju



Bjarni Lúðvíksson

sem er m.a. notuð í tröllakassa en notkun þeirra fer mjög vaxandi og nemur nú tugum þúsunda bæði í sjávarútvegi og annarri matvælaframleiðslu hér á landi. Þeir taka um eitt tonn hver og hafa allir verið fluttir inn fram að þessu. Prófunum tröllakassanna okkar er lokið og þær hafa tekist vel. Framleiðsla er hafin og vonandi getum við boðið viðskiptavinum okkar jafngóða vöru og á betra verði en áður. Umbúðaþörfin almennt er og hefur lengi verið mest í sjávarútvegi en einnig er mikil aukning í framleiðslu umbúða fyrir lyf sem framleidd eru hér á landi.“

Samkeppni við innflutning

Eftir sameiningu Kassagerðarinnar og Umbúðamiðstöðvarinnar var engin samkeppni í innlendri kassagerð en heyrst

hefur að annað innlent fyrirtæki hyggi á framleiðslu á öskjum. Kassagerðin er eini framleiðandi bylgjuumbúða hér á landi en innflutningur nemur um einum þriðja á móti því sem fyrirtækið framleiðir. Heildarnotkunin nemur alls 10 til 12 þúsund tonnum en til samanburðar má geta þess að litlar bylgjuverksmiðjur í útlöndum framleiða 70 þúsund tonn að sögn Bjarna. Hann segir að ekki sé sjálfsagt að hér sé ein verkmiðja af því tagi hvað þá tvær því að ekki sé gefið að hagkvæmari lausn fáiast með því að byggja aðra verksmiðju, fjárfestingin sé mikil og innanlandsmarkaðurinn muni ekki stækka.

Mikil sérhæfing

„Við erum sérhæfðir í umbúðum fyrir sjávarafurðir og matvæli og þá sérþekkingu höfum við flutt út. Á sl. ári fóru um 30% af öskjuframleiðslunni til útlanda. Stærsta viðskiptalandið er Bandaríkin en auk þess flytjum við út öskjur til Færeyja, Frakklands og Þýskalands. Flutningsgjöld á umbúðum eru auðvitað há. Við flytjum pappírinn hingað inn og aftur út sem fullunna vöru en fjarlægð frá erlendum mörkuðum setur okkur nokkrar skorður. Við bjóðum erlendum viðskiptavinum hágæðaprentun og erum samkeppnisfærir hvað varðar vörur sem er pakkað inn fyrir smásöluverslanir. Það sem veldur okkur og öðrum iðnframleiðendum í okkar heimshluta sívaxandi erfiðleikum er flutningur á neysluvöruframleiðslu til annarra staða eins og Kína. Á þessum stöðum er framleiðslukostnaður mun lægri en hér og vegur í mörgum tilvikum þyngra en flutningskostnaðurinn. Um leið og vöruframleiðslan flyst fylgir umbúðaframleiðslan og nú verðum við einnig varir við að umbúðir frá þessum stöðum eru boðnar á okkar markaði. Hið háa gengi krónunnar hefur líka gert okkur sífellt erfiðara að stunda þennan útflutning því að kostnaðarstigið innanlands hækkar en okkur tekst ekki að endurspegla það í verðinu, fjarri því. Við verðum einfaldlega að laga okkur að verðlaginu á markaðnum,“ segir Bjarni.

Hátt gengi og sveiflur gera útflutningi erfiðast fyrir

„Við teljum að krónan sé of hátt skráð um þessar mundir en sveiflurnar eru



kannski verstar. Það er nær útilokað að byggja upp markaði eins og nú er háttað. Okkur gengur vel eitt árið en borgum svo með útflutningnum annað árið. Menn hafa ekki þrek til að standa lengi af sér hággengi. Hjá okkur eru nú 20 störf sem segja má að byggist á þessum útflutningi okkar. Við hagræddum mjög mikið eftir sameininguna í árslok 2001 og í árslok 2002 hafði störfum fækkað hér úr 178 í 141 eða um tæplega fjórðung en framleiðslugetan er sú sama og áður. Þetta byggist auðvitað á mjög hæfum starfsmönnum sem taka þátt í endurskipulagningunni en við höfum einnig fjárfest nokkuð í tækniþúnaði sem þýðir að við komumst af með færri hendur. Það eru þó takmörk fyrir því hve mikið er hægt að fækka fólki án þess að skerða þjónustugildi. Með þessum hætti styður útflutningurinn þjónustugildi hér innanlands og tryggir fleiri störf."

Rekstarumhverfið breyst mjög til batnaðar á tíu árum

Bjarni segir að hátt gengi krónunnar og tvöfalt hærra vaxtastig en í samkeppnislöndunum brenni mest á íslenskum fyrirtækjum en á móti komi að margt hafi breyst til bóta sl. áratug. Í raun hafi orðið bylting á rekstarumhverfinu. Dregið hafi verið úr forsjárhlyggju og fyrirtækjunum leyft að vinna eftir almennum reglum. „Samkeppnin rekur okkur áfram og við verðum að standa okkur betur og betur ef við ætlum að halda viðskiptavinunum. Leikreglurnar eru skýrar. Ef við lítum bara tíu ár aftur í tímann er breytingin nánast ótrúleg en bætt rekstrarskilyrði vega þó ekki upp á móti gengissveiflunum," segir Bjarni

Ábyrg umhverfisstefna

Að sögn Bjarna eru að mestu notuð niðurburðótanleg efni við framleiðsluna en þar sem ekki verði hjá því komist að nota spilliefni sé þeim eytt eftir föstum reglum. „Við söfnum og mölum allan pappírsgang og seljum hann úr landi en hér falla til rúm þúsund tonn á ári. Það er orðin viðurkennd stefna að lágmarka umbúðanotkun hvort sem okkur líkar betur eða verr en við höfum tekið fullan þátt í því og reynum að lágmarka efnisþyngd og finna lausnir fyrir viðskiptavininn. Við vinnum úr endurnýjanlegu hráefni og teljum að vörur okkar hafi ýmislegt að bjóða sem fellur mjög vel að ábyrgri umhverfisstefnu."



Tæknistig, gæði og þarfir viðskiptavinarins höfuðatriði

„Við búum við mikla samkeppni á öllum sviðum. Markmið okkar er að mæta henni með bættri þjónustu og meiri gæðum. Við trúum því að þeir, sem laga sig best að þróun markaðarins, spjari sig best og við ætlum okkur að vera áfram í þeim hópi. Það þýðir að tæknistigið verður að vera

sambærilegt því sem best gerist hjá keppinautum. Þjálfun starfsfólks verður sífellt meira viðvangsefni eftir því sem framleiðnin vex og störfum fækkar. Í stuttu máli sagt eru meginverkefni framundan að tryggja tæknistigið og þróunina, skilja þarfir viðskiptavinarins og tryggja vörugæðin," segir Bjarni Lúdvíksson.

Þóra Kristín Jónsdóttir



VISKOM

Heimsókn VISKOM ÖST

Í apríl sl. heimsóttu SI 14 norskir prentsmiðjusstjórar og eigendur sem eru í samtökunum VISKOM ÖST. VISKOM (Sjónræn miðlun) eru atvinnurekendasamtök fyrirtækja í graffískum iðnaði og sjónrænni miðlun. Félagar VISKOM eiga það sameiginlegt að myndgera boðskap með texta og myndum, jafnt á skjá sem pappír, og miðla frá sendanda til viðtakanda.

Aðildarfyrirtækin bjóða bæði hefðbundna þjónustu á sviði prentverks og fjölbreytta nýja þjónustu, m.a. á sviði rafrænnar útgáfu. VISKOM ÖST eru hluti þessara samtaka en innan VISKOM eru um 350 fyrirtæki og árleg velta nálægt 7 milljörðum norskra króna sem mun vera um 70% af veltu greinarinnar í Noregi.

Undirritaður kynnti hinum norsku gestum starfsemi Samtaka iðnaðarins og sagði þeim stuttlega frá stöðu íslensks prentnaðar. Ingi Rafn Ólafsson, framkvæmdastjóri Prenttæknistofnunar, kynnti þeim



stofnunina. Sveinbjörn Hjálmarsson, framkvæmdastjóri Umslags, erindi sem hann kallaði „Managing Changes Through Company Culture.“ Síðdegis var hinum norsku gestum boðið að skoða prentsmiðjuna Odda þar sem þeir fengu höfðinglegar móttökur. Baldur Þorgeirsson, framkvæmdastjóri framleiðslusviðs, fylgdi þeim um fyrirtækið og sagði þeim frá starfsemi inni. Norðmennirnir létu mjög vel af heimsókn sinni og fannst mikið til íslenskra prentfyrirtækja koma.

Haraldur Dean Nelson

„Aðeins spurning um tíma hvenær önnur uppsveifla hefst“

-segir Ingvar Kristinsson formaður Samtaka Íslenskra hugbúnaðarfyrirtækja

„Ný opinber tölfræðileg gögn sýna að stöðugleiki er nú í íslenskum upplýsingatækniiðnaði og greinin veltir árlega um tuttugu milljörðum króna,“ segir Ingvar Kristinsson formaður Samtaka íslenskra hugbúnaðarfyrirtækja í samtali við UT.is.

„Annað athyglisvert í þessum gögnum er að fækkun starfsfólks hefur ekki haft teljandi áhrif á veltu greinarinnar sem þýðir að arðsemi hennar er að aukast. Þegar afkomutölur í greininni verða skoðaðar í heild fyrir árið 2002 tel ég einsýnt að þá komi í ljós að afkoman batnar en veltan stendur í stað. Í hugbúnaðargerð og ráðgjöf er klárlega komin ný stóriðja sem veltir árlega miklu fé, skapar mikil verðmæti og veitir um 2500 manns atvinnu. Ekkert bendir til annars en að þessi grein vaxi á komandi árum.“

Tiltrúin skiptir mestu

Ingvar nefnir að mikið uppvaxtarskeið sé að baki í UT-iðnaði sem hafi vaxið mjög hratt á árunum 1995 til 2001. Á síðasta ári hafi hins vegar mátt merkja nokkurn samdrátt en þó ekkert fall í líkingu við það sem oft er haldið fram. En hvað þarf að mati Ingvars að gerast til þess að ná fram veltuaukningu í greininni og nýju vaxtarskeiði? „Fyrirtækin hafa verið að taka til í sínum ranni,“ segir hann. „Þegar því verki er lokið tel ég að þau verði komin með mjög áhugaverða framtíðarsýn fyrir fjárfesta. Það er að mínu mati aðeins spurning um tíma hvenær fjárfestar koma aftur að greininni og önnur uppsveifla hefst. Mestu skiptir að hafa trú á því sem verið er að gera en vinnan við að skapa á nýjan leik tiltrú á UT-fyrirtækjum hefst hvergi annars staðar en í fyrirtækjunum sjálfum. Mörg fyrirtæki þurfa að skoða uppbygginguna og endurskipuleggja starfið innan frá til að gera fyrirtækin aftur áhugaverð og trúverðug í augum fjárfesta.“

Ríkið komi að uppbyggingunni nú

„Ég tel mjög skynsamlegt að ríkið komi nú þegar að uppbyggingunni með viðbótarfjármagni gegnum Nýsköpunarsjóð eða



nýjan tæknisjóð hjá Vísinda- og tækniráði. Á þann hátt gætu opinberir aðilar styrkt greinina og ýtt við henni einmitt á tímum þegar þörf er á uppörvun. Með slíkum stuðningi væri unnt að flýta þróuninni um eitt til tvö ár og gera greinina áhugaverða fyrir fjárfesta fyrr en ella. Það má ekki gerast að við lendum í þeirri slæmu stöðu aftur að samtímis því að einkamarkaðurinn dregur að sér fjárfestingar í sprotafyrirtækjum geri opinberir aðilar það líka. En auðvitað óttast maður að næst, þegar UT-fyrirtækin verða áhugaverð fyrir fjárfesta,

komi opinberir aðilar líka með tilheyrandi keðjuverkun og samkeppni sem leiðir til þess að verðið verður óeðlilega hátt aftur.“

Að sögn Ingvars hafa hugmyndir Samtaka íslenskra hugbúnaðarfyrirtækja verið kynntar Valgerði Sverrisdóttur iðnaðar- og viðskiptaráðherra sem veit vel af áhuga samtakanna. „Við vitum líka að Nýsköpunarsjóður er í sárum og vandinn verður ekki leystur með fjármagni úr þeim sjóði. Féð verður að koma annars staðar frá,“ segir Ingvar.

Ný fyrirtæki eiga erfitt uppdráttar

Meðan bæði fjárfestar og opinberir aðilar halda að sér höndum segir Ingvar að ný fyrirtæki í UT-iðnaði og aðrir þeir, sem koma fram með nýjar og ferskar hugmyndir á sviði hugbúnaðar og ráðgjafar, eigi erfitt uppdráttar. Þeir eigi erfitt með að fá fjármagn og einnig sé erfitt að fjármagna nýjungar innan þeirra stæðilegu fyrirtækja sem fyrir eru.

En í ljósi þess að stöðugleiki er kominn í greinina og arðsemi hennar að aukast - hvað skýrir áhugaleysi fjárfesta?

„Menn eru brenndir,“ segir Ingvar. „Margir settu mikið fé í greinina og uppsveiflan varð mikil, veltan í UT-iðnaði tvöfaldaðist á árinum 1998 til 1999. Á þessum tíma kom mikið nýtt fjármagn inn í greinina og þeir, sem lögðu fé af mörkum, eru ekki allir búnir að sjá ávöxtum þess fjár. Þeir halda þess vegna enn að sér höndum varðandi frekari uppbyggingu og hafa líkast til enn ekki nógu mikla trú á því að árangurinn verði í samræmi við væntingar. Í raun er nákvæmlega það sama að gerast annars staðar í heiminum en í ljósi þróunarinnar á síðustu misserum sýnist mér að stöðugleiki greinarinnar sé að aukast og menn að ná tökum á rekstrinum. Hvarvetna eru stjórnendur að straumlínlaga rekstur fyrirtækja og laga hann að aðstæðum - og þá kæmi mér ekki á óvart þótt UT-iðnaðurinn færi á annað flug.“

